

7. desember 2018

## Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2018

*Quarterly national accounts, 3<sup>rd</sup> quarter 2018*

Hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi  
var 2,6%

Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2018 jókst að raungildi um 2,6% frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 0,5%. Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla mælist óbreytt frá 2. ársfjórðungi 2018.

Hagvöxtur fyrstu níu mánuðum  
ársins 5%

Á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 jókst landsframleiðslan um 5% að raungildi borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2017. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld um 4,3%. Einkaneysla jókst um 5,4%, samneysla um 3,5% og fjárfesting um 2,7%. Útflutningur jókst á sama tímabili um 4,1% og innflutningur um 2,4%.

**Tafla 1. Yfirlit**  
*Table 1. Overview*


	Verðlag ársins, millj. kr.	Magnbreyting frá fyrra ári, %	Magnbreyting frá fyrrri ársfjórðungi, % <sup>1</sup>		
	<i>Current prices, million ISK</i>	<i>Volume change from previous year, %</i>	<i>Volume change from previous quarter, %<sup>2</sup></i>		
	3.ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter	3.ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter	1 <sup>st</sup> -3 <sup>rd</sup> quarter	2.ársfj. 2 <sup>nd</sup> quarter	3.ársfj. 3 <sup>rd</sup> quarter
Einkaneysla					
<i>Private final consumption</i>	342.454	5,3	5,4	1,4	1,3
Samneysla					
<i>Government final consumption</i>	162.256	3,4	3,5	0,6	0,8
Fjármunamyndun					
<i>Gross fixed capital formation</i>	153.542	-5,6	2,7	7,0	-6,7
Birgðabreytingar <sup>2</sup>					
<i>Changes in inventories<sup>2</sup></i>	2.510	-1,0	...	...	...
Þjóðarútgjöld alls					
<i>Gross domestic final expenditure</i>	<b>660.762</b>	<b>0,5</b>	<b>4,3</b>	<b>3,6</b>	<b>-1,3</b>
Útflutningur vöru og þjónustu					
<i>Exports of goods and services</i>	398.164	5,1	4,1	-1,5	1,4
Innflutningur vöru og þjónustu					
<i>Imports of goods and services</i>	-318.117	0,6	2,4	3,0	-1,4
Verg landsframleiðsla <i>GDP</i>	<b>740.810</b>	<b>2,6</b>	<b>5,0</b>	<b>1,4</b>	<b>0,0</b>

<sup>1</sup> Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

<sup>2</sup> Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á fóstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*



**Mynd 1. Landsframleiðsla, magnbreyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs**  
*Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year*




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016–2018. Preliminary figures 2016–2018.

#### Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um magnbreytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.

**Mynd 2. Ársfjórðungsleg magnbreyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt**  
*Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted*



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016–2018. Raunbreytingar frá fyrrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2016–2018. Change from the previous quarter.

#### Einkaneysla eykst

Einkaneysla fyrstu níu mánuði ársins 2018 jókst um 5,4% samanborið við sama tímabil ársins 2017. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður jókst einkaneysla um 5,3% á þriðja ársfjórðungi. Frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2018 jókst einkaneysla um 1,3%.

#### Samneysla eykst

Samneysla fyrstu níu mánuði ársins 2018 jókst um 3,5% borið saman við sama tímabil árið áður. Frá sama ársfjórðungi árið áður jókst samneysla um 3,4% en aukning samneyslunnar nam 0,8% á milli 2. og 3. ársfjórðungs 2018. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á árinu 2017 og á 3. ársfjórðungi 2018 verða birtar í Hagtíðindum 13. desember 2018.

*Fjárfesting eykst*

Fjárfesting fyrstu níu mánuði ársins 2018 jókst um 2,7% borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2017. Vöxtinn má að mestu rekja til íbúðafjárfestingar sem jókst um 13,8% og fjárfestingu hins opinbera sem jókst um 5,9%. Á sama tímabili dróst fjárfesting atvinnuveganna saman um 0,5%.

Miðað við sama ársfjórðung árið áður dróst fjárfesting saman um 5,6%. Fjárfesting atvinnuveganna dróst saman um 10,7% og fjárfesting í íbúðarhúsnaði um 3,5% en fjárfesting hins opinbera jókst á sama tímabili um 14,5%.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækunar eða lækkunar. Viðskipti með skip og flugvélar vega oft mikið í heildarfjárhæðum í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskiptin. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum dróst atvinnuvegafjárfesting saman um 8% og fjárfesting alls um 3,7% borið saman við sama ársfjórðung árið á undan.

*Birgðir aukast*

Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 3. ársfjórðungi 2018 hafa birgðir í heild aukist um 2,5 milljarða króna á verðlagi ársins. Á tímabilinu jukust birgðir áls og sjávarafurða en en samdráttur var aftur á móti í olíubirgðum og í birgðum áloxíðs.

*Útflutningur eykst umfram innflutning*

Útflutningur fyrstu níu mánuði ársins 2018 jókst um 4,1% borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2017. Þar af jókst vöruútflutningur um 4,4% og þjónustuútflutningur um 3,9%. Á sama tíma jókst innflutningur um 2,4%. Þar af jókst þjónustuinnflutningur um 11,1% á meðan vöruinnflutningur dróst saman um 2,6%.

*Minnkandi afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum*

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var um 90,1 milljarður króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2018 borið saman við 92,6 milljarða á sama tímabili í fyrra (á verðlagi hvors árs).

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á 3. ársfjórðungi 2018 var 80 milljarðar króna. Þar af var vöruskiptajöfnuður neikvæður um 43,7 milljarða króna. Vöruútflutningur nam 149,7 milljörðum króna og vöruinnflutningur nam 193,4 milljörðum króna. Á sama tíma var þjónustujöfnuður jákvæður um 123,7 milljarða. Útflutningur á þjónustu nam 248,5 milljörðum króna og innflutningur á þjónustu nam 124,7 milljörðum króna.

*Landsframleiðsla eykst umfram þjóðarútgjöld*

Þjóðarútgjöld fyrstu níu mánuði ársins 2018 jukust um 4,3% borið saman við fyrstu níu mánuði ársins 2017, meðan landsframleiðsla jókst um 5,0% á sama tíma. Meiri vöxtur landsframleiðslunnar en þjóðarútgjaldanna skýrist af jákvæðum áhrifum utanríkisviðskipta á hagvöxtinn en útflutningur vöru og þjónustu jókst um 4,1% fyrstu níu mánuði ársins borið saman við 2,4% aukningu í innflutningi.


Frá 2. ársfjórðungi til 3. ársfjórðungs 2018 drögust árstíðaleiðrétt þjóðarútgjöld saman um 1,3% en landsframleiðslan stóð í stað.

*Hlutdeild einstakra liða í hagvexti*

Helstu drifkraftar hagvaxtar á 3. ársfjórðungi 2018, borið saman við sama tímabil ársins á undan, er einkaneysla ásamt utanríkisviðskiptum. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.

**Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti**

*Figure 3. Contributions to growth by expenditure items*




**Skýring Note:** Bráðabirgðatölur. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. *Preliminary figures. Change over same quarter, previous year.*

*Hagþróun erlendis*

Árstíðaleiðrétt ársbreyting landsframleiðslunnar á 3. ársfjórðungi á Íslandi var 2,6% samanborið við 1,6% í Noregi, 2% í Danmörku, 1,7% í Svíþjóð, 2,5% í Finnlandi, 1,2% í Þýskalandi, 3,0% í Bandaríkjunum, 1,4% í Frakklandi, 0,4% í Japan og 1,5% í Bretlandi.

**Mynd 4. Árstíðaleiðréttur ársfjórðungslegur hagyöxtur í nokkrum löndum**

*Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries, seasonally adjusted*



**Skýring Note:** Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016–2018. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. *Preliminary figures 2016–2018. Change over same quarter, previous year.*

**Heimild** Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

<i>Árstíðaleiðréttинг</i>	Með árstíðaleiðrétti á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga.
	Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðrétti eru undirliðir (einkaneysla, samneysla o.s.frv.) árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).
	Niðurstöður fyrir árin 2016–2018 eru bráðabirgðatölur sem taka breytingum eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir. Slikar breytingar hafa að sjálfsögðu einnig áhrif á árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar.
<i>Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum</i>	Ýtarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu má finna á <a href="#">vef Hagstofunnar</a> . Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarará.
<i>Endurskoðun landsframleiðslunnar 2017</i>	Í hagtíðindahefti þjóðhagsreikninga sem birt var í september síðastliðnum var gerð grein fyrir því að vegna tafa á útgáfu Ríkisreiknings fyrir árið 2017 væru þjóðhagsreikningar birtir með fyrirvara um óvissu í uppgjöri fjármála hins opinbera. Í framhaldi af útgáfu Ríkisreiknings hefur landsframleiðsla ársins 2017 verið endurskoðuð og er nú birt samhliða þessari útgáfu.
<i>Tölur um 4. ársfjórðung 2018 verða birtar í mars 2019</i>	Tölur um landsframleiðsluna á 4. ársfjórðungi 2018 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 1. mars 2019.

## English summary

In real terms, non-seasonally adjusted Gross Domestic Product (GDP) for the first three quarters of 2018 increased by 5.0% compared with the same period of 2017. Total domestic final expenditure increased by 4.3%. Household final consumption increased by 5.4%, government final consumption by 3.5% and gross fixed capital formation by 2.7%. At the same time exports grew by 4.1% and imports grew by 2.4%.

Non-seasonally adjusted figures indicate a year over year increase in real GDP by 2.6% for the 3<sup>rd</sup> quarter of 2018. Total domestic expenditure increased by 0.5%. Household final consumption increased by 5.3%, government final consumption by 3.4% and gross fixed capital formation decreased by 5.6%. At the same time exports grew by 5.1% while imports grew by 0.6%.

Seasonally adjusted real GDP in the 3<sup>rd</sup> quarter of 2018 remain unchanged from the previous quarter. Total domestic final expenditure decreased by 1.3%, household final consumption increased by 1.3%, government final consumption by 0.8% and gross fixed capital formation deacreased by 6.7%. Exports decreased by 1.4% and imports decreased by 1.4% in the 3<sup>rd</sup> quarter of 2018 as compared with the 2<sup>nd</sup> quarter of 2018.

National accounts for the 4<sup>th</sup> quarter of 2018 will be published on the 1<sup>st</sup> of March 2019.

**Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2014–2018**

Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2014–2018

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Verðlag hvers árs, milljónir króna</b>								
<i>Million ISK at current prices</i>								
<b>2014</b>	<b>1.093.250</b>	<b>496.321</b>	<b>356.531</b>	<b>2.045</b>	<b>1.948.147</b>	<b>1.068.320</b>	<b>-942.907</b>	<b>2.073.560</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	255.152	118.432	82.837	287	456.708	221.535	-209.681	468.562
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	275.031	124.805	80.262	2.046	482.143	254.705	-236.229	500.619
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	267.539	122.978	101.434	-2.309	489.641	325.779	-257.323	558.097
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	295.529	130.106	91.998	2.022	519.655	266.301	-239.673	546.282
<b>2015</b>	<b>1.146.570</b>	<b>535.251</b>	<b>439.023</b>	<b>3.489</b>	<b>2.124.332</b>	<b>1.188.374</b>	<b>-1.024.702</b>	<b>2.288.004</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	266.411	126.423	101.371	15.245	509.451	262.587	-236.456	535.582
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	288.835	131.019	105.740	-3.652	521.942	319.940	-271.452	570.430
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	278.371	131.421	108.889	-1.374	517.307	338.631	-257.182	598.756
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	312.953	146.387	123.023	-6.730	575.632	267.216	-259.612	583.236
<b>2016<sup>1</sup></b>	<b>1.235.920</b>	<b>570.663</b>	<b>537.736</b>	<b>2.926</b>	<b>2.347.246</b>	<b>1.186.616</b>	<b>-1.031.051</b>	<b>2.502.811</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	288.749	135.450	122.716	14.359	561.274	244.112	-241.964	563.423
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	315.859	142.155	139.504	-8.660	588.859	303.542	-278.501	613.899
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	296.753	140.823	132.675	2.847	573.098	365.371	-264.988	673.481
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	334.558	152.236	142.842	-5.620	624.015	273.590	-245.598	652.008
<b>2017<sup>1</sup></b>	<b>1.315.669</b>	<b>613.559</b>	<b>579.655</b>	<b>754</b>	<b>2.509.637</b>	<b>1.206.292</b>	<b>-1.099.482</b>	<b>2.616.447</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	306.699	146.423	126.692	7.537	587.351	238.411	-229.863	595.899
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	335.716	153.058	146.074	-10.464	624.384	302.207	-287.505	639.086
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	314.883	150.389	154.326	11.869	631.467	356.223	-286.863	700.827
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	358.371	163.689	152.562	-8.188	666.435	309.450	-295.250	680.635
<b>2018<sup>1</sup></b>	...	...	...	...	...	...	...	...
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	328.305	158.017	145.320	10.444	642.086	273.280	-264.721	650.645
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	362.986	164.671	167.842	-2.639	692.861	322.393	-320.919	694.334
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	342.454	162.256	153.542	2.510	660.762	398.164	-318.117	740.810
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2014–2018**  
 Table 3. *Quarterly Gross Domestic Product volume changes 2014–2018*

	Einkaneysla <i>Household</i> <i>final consumption</i>	Samneysla <i>Governm.</i> <i>final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <sup>1</sup> <i>Changes in inventory<sup>1</sup></i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, %</b>								
<i>Volume changes on the same quarter of the previous year, %</i>								
<b>2014</b>	<b>3,2</b>	<b>1,3</b>	<b>15,9</b>	<b>0,4</b>	<b>5,3</b>	<b>3,2</b>	<b>9,8</b>	<b>2,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,2	1,1	20,5	-2,9	1,8	3,6	11,0	-1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,1	1,0	-2,2	1,3	3,3	5,0	6,9	2,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,5	1,9	32,7	0,7	8,2	6,3	14,1	3,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,9	1,4	14,4	2,3	7,7	-2,6	7,2	2,6
<b>2015</b>	<b>4,5</b>	<b>1,1</b>	<b>19,7</b>	<b>0,0</b>	<b>6,4</b>	<b>9,1</b>	<b>13,8</b>	<b>4,5</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,8	1,0	19,3	3,1	9,0	4,9	14,3	4,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,3	0,6	27,1	-1,0	6,0	16,4	15,4	7,1
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	3,9	-0,3	4,1	0,0	2,9	4,8	5,5	2,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,0	2,9	31,0	-1,7	7,9	10,9	20,6	3,7
<b>2016<sup>2</sup></b>	<b>7,2</b>	<b>1,9</b>	<b>21,7</b>	<b>-0,1</b>	<b>8,8</b>	<b>10,9</b>	<b>14,5</b>	<b>7,4</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,1	1,7	21,8	-0,1	8,3	6,3	15,7	4,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	7,9	2,0	30,1	-0,9	9,8	5,7	16,9	4,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,1	3,1	20,1	0,8	9,3	17,3	17,7	10,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,5	1,1	15,9	-0,0	7,8	12,9	8,2	10,3
<b>2017<sup>2</sup></b>	<b>7,9</b>	<b>3,7</b>	<b>9,0</b>	<b>-0,1</b>	<b>7,0</b>	<b>5,5</b>	<b>12,5</b>	<b>4,0</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,3	3,5	5,1	-1,1	4,4	6,1	3,7	6,2
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	9,8	4,0	9,9	-0,5	8,0	8,6	16,7	4,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	8,1	3,5	17,7	1,7	11,1	0,4	13,0	3,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,6	3,6	3,4	-0,7	4,7	8,0	15,6	2,0
<b>2018<sup>2</sup></b>	...	...	...	...	...	...	...	...
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	5,9	3,9	7,3	0,3	5,9	9,2	9,4	5,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	5,0	3,3	7,1	1,2	6,6	-1,1	-1,3	6,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,3	3,4	-5,6	-1,0	0,5	5,1	0,6	2,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...	...

<sup>1</sup> Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á fóstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

**Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting á landsframleiðslu 2014–2018, árstíðaleiðrétt**  
 Table 4. Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2014–2018

	Einkaneysla Household final consumption	Samneysla Governm. final consumption	Fjármuna- myndun Gross fixed capital formation	Pjódar- útgjöld National Expenditure	Út- flutningur Exports	Inn- flutningur Imports	Verg lands- framleiðsla GDP
<b>Raunbreyting frá fyrri ársfjórðungi, %</b>							
<i>Percentage change on the previous quarter</i>							
<b>2014</b>							
1. ársfj. 1st quarter	1,0	0,9	8,0	1,5	-2,8	4,1	-2,0
2. ársfj. 2nd quarter	1,1	0,3	-8,1	1,0	-2,5	0,2	-0,6
3. ársfj. 3rd quarter	0,9	0,6	28,6	4,6	9,2	8,1	5,3
4. ársfj. 4th quarter	0,8	-0,5	-10,8	-0,5	-5,1	-5,1	-0,8
<b>2015</b>							
1. ársfj. 1st quarter	1,0	0,5	12,4	2,3	4,8	11,0	-0,3
2. ársfj. 2nd quarter	1,1	0,2	-2,4	-0,0	7,2	1,2	3,2
3. ársfj. 3rd quarter	1,8	-0,1	7,4	1,8	-3,0	-1,1	0,6
4. ársfj. 4th quarter	1,9	2,0	11,7	4,2	2,2	9,0	0,9
<b>2016<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. 1st quarter	2,0	-0,5	4,1	2,1	1,4	6,2	-0,0
2. ársfj. 2nd quarter	1,3	0,5	3,6	1,7	6,3	2,0	3,9
3. ársfj. 3rd quarter	1,5	1,0	0,2	0,7	5,8	-0,3	3,9
4. ársfj. 4th quarter	2,8	0,4	7,5	3,1	-1,2	0,3	2,1
<b>2017<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. 1st quarter	1,8	1,3	-4,9	0,5	-3,0	2,1	-2,0
2. ársfj. 2nd quarter	2,8	1,1	7,2	2,0	7,2	14,3	-0,6
3. ársfj. 3rd quarter	0,8	0,7	6,8	4,5	-3,9	-3,3	3,8
4. ársfj. 4th quarter	1,3	0,7	-5,0	-2,0	7,2	2,6	0,3
<b>2018<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. 1st quarter	1,3	1,2	-1,3	0,5	-2,3	-3,4	0,9
2. ársfj. 2nd quarter	1,4	0,6	7,0	3,6	-1,5	3,0	1,4
3. ársfj. 3rd quarter	1,3	0,8	-6,7	-1,3	1,4	-1,4	-0,0
4. ársfj. 4th quarter	...	...	...	...	...	...	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2014–2018**  
**Table 5. Contribution to growth 2014–2018**

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Hlutdeild í hagvexti frá fyrri ársfjórðungi, %</b>							
<i>% points contributions to growth in GDP from previous quarter</i>							
<b>2014</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,3	0,7	1,2	-0,4	-4,5	-0,3	-2,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	0,1	-1,4	1,5	-1,3	-0,1	-0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,5	0,2	4,6	-0,8	4,9	-4,0	5,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,4	-0,1	-2,1	1,2	-2,8	2,6	-0,8
<b>2015</b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,2	0,1	1,6	-0,6	-0,1	-1,2	-0,3
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	0,0	-0,5	-0,2	3,8	-0,6	3,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,9	-0,0	1,4	-0,6	-1,7	0,5	0,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	0,4	2,3	0,3	1,2	-4,3	0,9
<b>2016<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-1,7	0,1	0,3	0,3	-1,2	2,1	-0,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,7	0,1	0,8	0,0	3,3	-1,0	3,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,7	0,2	0,0	-0,4	3,1	0,1	3,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,4	0,3	1,6	-0,4	-0,6	-0,1	2,1
<b>2017<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,2	0,9	-1,3	0,4	-7,6	5,5	-2,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,4	0,3	1,5	-1,2	3,3	-5,9	-0,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,4	0,2	1,6	2,1	-2,0	1,6	3,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,6	0,2	-1,2	-1,5	3,3	-1,1	0,3
<b>2018<sup>1</sup></b>							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,3	1,0	-0,6	—	-2,4	3,0	0,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,7	0,1	1,5	1,0	-0,7	-1,2	1,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,6	0,2	-1,5	-0,6	0,6	0,6	-0,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...

**Skýring Note:** Miðað er við árstíðaleiðréttar tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2014–2018, árstíðaleiðrétt**  
 Table 6. Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2014–2018

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
<b>Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, %</b>							
<i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
<b>2014</b>	<b>3,2</b>	<b>1,3</b>	<b>15,9</b>	<b>5,3</b>	<b>3,2</b>	<b>9,8</b>	<b>2,1</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	0,9	19,6	3,8	4,7	11,2	1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,7	1,0	-1,9	2,2	5,4	6,9	1,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	3,2	2,1	33,3	8,6	4,7	14,0	3,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,8	1,3	13,9	6,6	-1,7	7,0	1,6
<b>2015</b>	<b>4,5</b>	<b>1,1</b>	<b>19,7</b>	<b>6,4</b>	<b>9,1</b>	<b>13,8</b>	<b>4,5</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,8	0,9	18,6	7,4	5,9	14,0	3,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,7	0,7	25,8	6,3	16,4	15,1	7,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	4,7	0,0	5,2	3,5	3,4	5,4	2,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	5,9	2,5	31,7	8,5	11,3	21,0	4,4
<b>2016<sup>1</sup></b>	<b>7,2</b>	<b>1,9</b>	<b>21,7</b>	<b>8,8</b>	<b>10,9</b>	<b>14,5</b>	<b>7,4</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,0	1,5	21,9	8,3	7,7	15,8	4,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	7,2	1,9	29,4	10,2	6,8	16,8	5,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,8	3,0	20,7	9,0	16,5	17,7	8,9
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,7	1,4	16,1	7,8	12,7	8,3	10,3
<b>2017<sup>1</sup></b>	<b>7,9</b>	<b>3,7</b>	<b>9,0</b>	<b>7,0</b>	<b>5,5</b>	<b>12,5</b>	<b>4,0</b>
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	7,5	3,3	6,1	6,1	7,8	4,1	8,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	9,1	3,9	9,8	6,5	8,7	16,7	3,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	8,3	3,6	17,0	10,5	-1,3	13,2	3,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	6,8	3,9	3,4	5,0	7,1	15,8	1,6
<b>2018<sup>1</sup></b>	...	...	...	...	...	...	...
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,2	3,8	7,3	5,1	7,8	9,5	4,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,8	3,3	7,2	6,7	-0,8	-1,4	6,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,4	3,4	-6,4	0,8	4,6	0,6	2,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	...	...	...	...	...	...	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Hagtíðindi Pjóðhagsreikningar**  
Statistical Series **National accounts**

103. árg. • 29. tbl. 7. desember 2018

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision* Jón Ævarr Sigurbjörnsson • [jon.sigurbjornsson@hagstofa.is](mailto:jon.sigurbjornsson@hagstofa.is)  
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland  
[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) [www.statice.is](http://www.statice.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 *Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*